

Fundur 16.1.2023 Sveinbjörn Beinteinsson.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Komið þið sælir Íslendingar og alltaf jafn gaman að tala við ykkur.

*Já blessaður.*

Eru þau löng og djúp tengslin við ykkar hóp og skila ég kærri kveðju frá mínum gamla vini og félaga Þorsteini Guðjónssyni og vonar hann að þið hafið það öll gott og sérstaklega ættingjar hans.

Og hef ég hér frá mörgu að segja eins og venjulega. Var ég hér staddur á síðasta fundi þegar keppinautur okkar um hylli kom fram.

Og varð þeim að orði að gamall fræðamaður í hinni fornu trú, ætti rétt á því að koma hér fram hjá ykkur næst og fræða um heiðna helgisiði í sambandi við jól og áramót.

Eins og við tíðkum þá hér á nýrri jörð og höldum fast í gamlar hefðir og er það mikill munur frá því sem áður var að hér erum við ekki í minnihluta, heldur eru það hinir kristnu sem eru í minnihluta og fá þó að halda sínar hátíðir.

Og finn ég fyrir því að hér eru á meðal ykkar all nokkrir sem skilja hvað ég á við og eru kannski í gamla félaginu okkar enn þá.

*Ert þú Sveinbjörn.*

Já.Sveinbjörn Beinteinsson, komdu sæll.

*Vertu velkominn, það er alltaf gaman að heyra í þér.*

Já. Vil ég gjarnan magna ykkur í kvöld ef hægt er og senda ykkur orku frá Guðunum og já hér hef ég það gott og eru hér komin fleiri systkini úr Borgarfirðinum og ættingjar, móðir og faðir.

Og ég vildi gjarnan segja ykkur frá því að trúarbrögð okkar eru frjálsslegri í þá átt, hverja menn tigna og er það ekki bara einn eða tveir eins og í kristninni heldur margir.

Og sumir eru það sem blóta Óðinn um áramótinn og segja að hann hafi kallast Jólnir og komið með ákveðin gæði á vagni sínum og haga helgiöldinu í sambandi við það og eru það nokkuð fjölmennir hópar.

Og svo eru það aðrir sem trúa því að Freyr muni rísa að vori eins og kornið og eigi sér hringrásar feril eins og Ósiris hinn Egyptski.

Og er það stórkostlegt að fylgjast með því hvernig helgisiðirnir eru mismunandi og fólkd tignar þetta á mismunandi hátt hér á þessum hnetti.

Og svo eru aðrir sem trúa því að Baldur hafi verið Sólarguðinn, sem hafi gegnt sama hlutverki og Ósiris og fleiri suðrænir guðir þess efnis.

Og hafi farið að berja á tröllum eins og Þór. Og höldum við fast í þá siðvenju að drekka ákveðinn bjór sem, það eru nokkrar tegundir af miði eins og sagt er, og gaman að prófa margskonar tegundir af dýrahornum að drekka úr í samræmi við gamlar siðvenjur og halda í heiðri gamlar venjur og fagna.

Eru hér í okkar hópi all nokkrir úr ykkar hreyfingu sem halda tryggð við þessa trú og held ég að sé mjög allmennt að þeir hafi einnig áhuga á þessu.

Já ég hef frá ýmsu að segja síðan ég kom hér á þennan hnött og hef lært í nokkrum fögum nokkuð til viðbótar sem ég gjarnan vildi segja frá síðar en mér skilst að margir bíði þannig að það verður að koma síðar en ég held áfram með, alltaf þykir mér jafn vænt um að sinna skepnunum og taka þátt í sveitalífinu með systkinum mínum og

*Alltaf kveðandi.*

Já, flest okkar hafa yndi af kveðskap enn sem fyrr og þjóðlegur og góður siður, við höfum einmitt skráð niður kveðskaparhættina og eru sumir nýir kveðskaparhættir og þætti mér nú mest gaman að því að koma til ykkar síðar og getað farið með nokkrar vísur, en til þess þarf ég mikla orku. En

*Maður heyrir alveg í þér kveðandina.*

Já,

*Heyrði áður sko.*

Já, já já já svo sannarlega, og það fylgir því orka og vil ég gjarnan hvetja ykkur í því og það myndi jafnvel efla ykkur á ýmsan hátt.

Já ef þið hafið spurningar, get ég svarað því, áður en ég fer, en ég verð brátt að slíta sambandi svo aðrir komist að.

*Þetta hérna með sléttuböndin, ég heillast svo að því, ég sagði einhvern tímann við þið að ef þú gætir samið sextíu sléttubönd, yfir æfiina þá yrði þú stórskáld, er eitthvað til í því?*

Að ég hafi gert sextíu sléttubönd,

*Nei nei ekki þú, að sá sem gæti það, þá mætti eiginlega kalla hann stórskáld, því það er svo erfitt að smíða svona vísu, að setja hana saman, svo það sé eitthvað vit í henni.*

Jaá það er alveg rétt, það þarf bæði aftur á bak og áfram, já það tók mig nú talsverðan tíma að þegar maður reyndi slíkt, en íslenskan er nú býsna margsnúið tungumál og ef þú ert að fást við það vinur, þá ráðlegg ég þér að leita uppi þau orð sem hafa margræða merkingu og raða þeim saman og láta svo ráðast um útkomuna en þetta er nú eins og með annan kveðskap að mér finnst aldrei að mér gangi vel fyrr en ég fæ innblástur frá Guðunum en svo er þetta þjálfun líka og menn geta fært sig upp á skaptið.

Já ég held að það sé orð að sönnu, ég hef orðað þetta á þann hátt, það voru nú ekki mörg skáld hérna í gamla daga sem gátu bunað þessu út úr sér viðstöðulaust en ég hef heyrt hér nokkra sem hafa komið með vísur þannig, í sléttubanda formi.

En að þeir hafi ort heilu bálkana, það er sjaldgæfara og (hlær) ég heyrði af því fyrir mörgum árum að það var hér gamall bóndi sem hafði sett saman nokkrar vísur með þeim hætti en já, það mætti kalla það stórskáld sem hefur það á valdi sínu auðveldlega.

*Já ég held það.*

Hefur þú eitthvað prófað þetta sjálfur?

*Já ég hef reynt það já, ég hef verið að því að þjálf mig í ferstíklunni og hef verið að reyna að kenna það öðrum og sagt við þá að þeir verða að fylgja reglunum*

Já já.

*Alveg sama hvernig þeir reyna að sleppa við það, ég segi alltaf, þið verðið að fylgja reglunum, þangað til þið eruð búnir að ná þessu, þá áttið þið ykkur á því afhverju ég er svona rosalega grimmur við ykkur.*

Jahá.

*Það er nefnilega það, ég held að þarna hafi ég alveg rétt fyrir mér í því sko, það að eiga við þetta form sko, það hjálpar mönnum sko í íslenskunni, þetta er málfræði líka og annað kemur þarna inn í kveðskapinn, þú, þetta verður allt að stemma, föllin og beygingarnar og sum orð stjórna einhverju sem verður að hafa, getur ekki notað og verður að finna eitthvað annað og svo framvegis.*

Já og ég get sagt þér meira en það að ég hef lært það á þessum hnetti að stuðlasetningin íslenska er hluti af gamalli menningu heiðinni sem er tengd við galdra iðkun, gala galdur.

Já.

Og þessu hafa hinar þjóðirnar týnt niður nema Íslendingar.

*Mig hefur lengi grunað þetta.*

Já, þess vegna getur það gert boðskapinn sterkari og ef menn kveðast á í gamni en en samt þannig að þeir séu að efla vitund sína og þjóðernis skilning, túlkun á vilja sínum, þá muni þeir öðlast færni í því að tala á fundum og halda ræður og annað slíkt.

*Já, athygilsvert.*

Og þetta gerir menn skarpari í því með tímanum.

Já.

Já það er gaman að ræða um þetta og þú skalt segja þessum vinum þínum að þegar þeir eru farnir að kveðast á í gamni og eiga auðvelt með að fylgja reglunum að þá er ekki ólíklegt að þeir hafi aukist af visku og mætti, (hlær.)

*Ég get alveg trúað því, ég hef fundið fyrir því líka.*

Já þetta er góð og þjóðleg íþrótt og leitt að engilsaxneskir skuli hafa týnt þessu niður og fleiri.

Já.

*En hvernig lýst þér á þessar nýjustu breytingar á íslenskunni að ætla að fara að kalla sjómenn, fiskara?*

Hlær, já það hefði nú verið kallað smánun hér í gamla daga, held ég, en ég ætla nú að vona að muni nú ekki ganga eftir, nema bara svona fyrir einhverja útvalda, sem kjósa að breyta þannig sínu málfari.

*Já, ég held að það sé rétt hjá þér.*

Nei það þótti nú ekki mikil virðing í því orði, það var nú svona þeir sem réru einir og á litlum kænum var það ekki, meira?

*Jú, jú eitthað svoléiðis.*

Já, nei það er nú ekki öll vitleysan eins, hlær.

Jæja ég verð nú víst að kveðja núna en þetta var mjög áhugavert og ánægjulegt og fróðlegt og ég finn það að gamli íslenski víkingaandinn er ekki dauður á Íslandi enn.

Verið þið sælir og þakka ég kærlega fyrir og bestu kveðjur frá mínu fólki verið þið sælir.

*Vertu blessaðir og takk fyrir komuna.*